

L Ö G

49

16. marz

um sölu lögveða án undangengins lögtaks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú eru gjöld tryggð með lögveði í sérstaklega tilgreindum eignum, fasteignum eða lausafé, og gjaldhæðin er ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af ráðherra, og má þá, ef gjöldin eru ekki greidd á réttum gjalddaga og lögtaksréttur er ekki fyrndur, selja lögveðið á nauðungaruppbóði, en birta skal áður með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppbóðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar.

2. gr.

Uppbóðið fari fram að hætti nauðungaruppbóða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

50

16. marz

um breyting á lögum nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 90% af andvirði þeirra. Heimilast henni að nota til þess lán það, er um ræðir í 1. gr. laga þessara, og önnur lán, sem heimilað er að taka í því skyni. Lánin skulu kaupendur fá með eigi lakari kjörum en ríkissjóður fær þau. Þó skal heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í XVII. lið 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1951, halda gildi sínu.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 2 millj. króna lán til kaupa á